

Stefnumótun Náttúrugripasafnsins í Bolungarvík

Anna Guðrún Edvardsdóttir

Júní 2005
NV nr. 08-05

Inngangur

Í þessari greinagerð verður fjallað um starfsemi Náttúrugripasafns Bolungarvíkur, mat lagt á það hvernig til hefur tekist og settar fram tillögur um markmið og leiðir til eflingar starfsemi safnsins.

Starfsemin

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur er samtengt við húsnaði Náttúrustofu Vestfjarða og er innangengt á milli þessara tveggja stofnana. Af faglegum ástæðum var ákveðið, við stofnun safnsins árið 1998, að fá forstöðumann náttúrustofunnar til að gegna einnig hlutverki forstöðumanns safnsins. Í lögum um Náttúrustofur nr. 60/1992 segir í 11. grein: “Heimilt er náttúrustofu að gerast aðili að sýningarsafni, en fjárhagur slíks safns og stofunnar skal vera aðskilinn.” Gerður var samstarfssamningur við Náttúrustofu Vestfjarða um umsjón og rekstur safnsins og tekur hann mið af þessu ákvæði í lögnum.

Alveg frá upphafi hefur verið lögð áhersla á fræðsluhlutverk safnsins og má skipta því í nokkra hluta samkvæmt stofnskrá:

- a) fræðsla á safninu sjálfu með áherslu á náttúruna, aðallega náttúru Vestfjarða og til þess notaðir þeir safngripir sem þar eru, s.s. fuglar og steinar.
- b) fræðsla fyrir skóla bæði á safninu og á Náttúrustofunni. Þá er unnið með kennurum skólanna og farið eftir námskrá í náttúrufræðum.
- c) fræðsla fyrir almenning hefur verið í formi leiðsagnar um safnið
- d) spjaldasýningar um ýmis konar efni, t.d. sýningu um Hornstrandafriðlandið og sýningu um Einar Guðfinnsson.

Hlutverk safna

Í safnalögum nr. 106/2001, í 4. gr. segir: “Safn er samkvæmt lögum þessum stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.”

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur hefur starfað í anda þessara laga og hefur safnið sótt um rekstrar- eða verkefnisstyrki til safnasjóðs en til þess að geta það þarf safn að:

1. hafa sjálfstæðan fjárhag og vera stjórnað af forstöðumanni í a.m.k. hálfu starfi
2. starfa eftir stofnskrá sem hlotið hefur staðfestingu safnaráðs og skal starfa eftir stefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti
3. vera óaðfínanlega rekið að mati safnaráðs og fjárhagsgrundvöllur þess skal vera tryggður
4. vera opið almenningi daglega á auglýstum tíma a.m.k. þrjá mánuði á ári
5. bjóða upp á safnfræðslu eftir því sem við verður komið
6. skrá safngripi eftir viðurkenndu skráningarkerfi
7. fylgja viðurkenndum alþjóðlegum siðareglum safna

Bolungarvíkurkaupstaður hefur veitt fjárveitingar til safnsins og séð um rekstur húsnaðis en Náttúrustofa Vestfjarða sér um daglegan rekstur þess samkvæmt samningi.

Framtíðarsýn

Eins og kom fram hér að framan hefur Náttúrugripasafnið sinnt fræðsluhlutverki sínu að nokkru leyti en betur má ef duga skal. Til þess að safnið staðni ekki og sé lifandi þarf að marka því stefnu til framtíðar. Framtíðarmarkmið safnsins er:

- **að Náttúrugripasafn Bolungarvíkur verði leiðandi á sviði safna- og fræðslumála um náttúru og tengdar greinar á svæðinu í samvinnu við Náttúrustofu Vestfjarða.**

Í eftirfarandi kafla er bent á markmið og þær leiðir sem fara verður til þess að ná því framtíðarmarkmiði sem sett hefur verið hér fram.

Markmið, leiðir og rökstuðningur

Með starfsemi Náttúrugripasafns Bolungarvíkur skal stefnt að því:

- 1. að efla sameiginlegt hlutverk Náttúrugripasafnsins og Náttúrustofu Vestfjarða í fræðslumálum fyrir skóla og almenning**

Leið

Til að ná því markmiði að efla sameiginlegt hlutverk Náttúrugripasafns Bolungarvíkur og Náttúrustofu Vestfjarða í fræðslumálum fyrir skóla og almenning verður að endurskoða samstarfssamning milli þessara tveggja stofnana þar sem kveðið er á hvernig efla skuli þetta hlutverk.

Rökstuðningur

Náttúrustofa og Náttúrugripasafn eru í samtengdu húsnæði og hafa sama forstöðumann og starfsmenn náttúrustofunnar sinna safninu á opnunartíma þess. Báðar stofnanirnar hafa hag af hvor annarri og slíkt þarf að nýta. Eitt af hlutverkum Náttúrustofunnar er fræðsluhlutverkið og þar gegnir náttúrugripasafnið miklu hlutverki. Með markvissu samstarfi væri hægt að efla þann þátt verulega en fyrst þurfa stjórnir stofnananna og forstöðumaður að setjast niður og gera markvissa áætlun um hvernig efla skuli þessa samvinnu.

Saman eru Náttúrustofa Vestfjarða og Náttúrugripasafn Bolungarvíkur öflugar stofnanir til miðlunar fræðslu í náttúru- og umhverfisvísindum. Ein leið í því sambandi er að vinna þróunarverkefni með skólum eða náttúrufræðikennurum þar sem þróuð væri kennsla/fræðsla með áherslu á safnið og náttúrustofuna, þau tæki sem þar eru, auk bókasafns og annars ýtarefnis stofunnar. Skoða þyrfti möguleika á að sækja um styrki í þróunarsjóði fyrir leik-, grunn, og framhaldsskóla.

Hvað almenning varðar, þá er möguleiki á að halda fyrirlestra um þær rannsóknir og verkefni sem náttúrustofan hefur verið og er að vinna að, auk þess að fá utanaðkomandi fyrirlesara í náttúru- og umhverfisvísindum.

- 2. að efla tengsl og samvinnu Náttúrugripasafnsins við önnur söfn á svæðinu**

Leið

Til að ná því markmiði að efla tengsl og samvinnu við önnur söfn á svæðinu verða stjórnir safnanna að gera formlegan samstarfssamning um það hvernig fjármögnun skuli háttá og hvernig efla megi tengsl og samvinnu þannig að það sé öllum til hagsbóta og auki aðsókn að söfnunum.

Rökstuðningur

Á Vestfjörðum er fjöldi safna og sýninga sem opin eru ýmist allt árið eða á sumrin. Í Bolungarvík er náttúrugripasafn og sjóminjasafnið Ósvör. Á Ísafirði er Bæjar- og héraðsbókasafnið, Héraðsskjalasafnið, Sjóminjasafnið og Slunkaríki sem er sýningarsalur. Á Flateyri er alþjóðlegt dúkkusafn. Á Núpi í Dýrafirði er grasagarðurinn Skrúður og á Þingeyri er Gamla smiðjan sem er eldsmiðja og vélsmiðja. Minjasafn Jóns Sigurðssonar er á Hrafnseyri. Í Selárdal er safn Samúels Jónssonar, á Bíldudal er tónlistarsafnið Melódíur minninganna og á Hnjóti er Minjasafn Egils Ólafssonar. Á Reykhólum er Hlunnindasýning. Á Hólmavík og Ströndum er Galdrasýning og Sauðfjársetur. Í Djúpuvík er Söguminjasýning og í Trékyllisvík er minja- og handverkshús. Í Dalbæ er byggðasögusýning, í Ögri er sögusýning og ekki má gleyma eyjunni Vigur.

Markmið hvers safns fyrir sig hlýtur að vera að auka aðsókn að safninu og fá inn meira fjármagn. Náttúrugripasafnið hefur verið í samstarfi við ýmis söfn bæði á svæðinu og utan þess, t.d. Byggðasafn Vestfjarða og Náttúrugripasafn Náttúrufræðistofu Kópavogs. Ekki hefur þó verið um formlegt samstarf að ræða en slíkt er æskilegt. Samstarf gæti verið fólgið, t.d. aðgöngumiðum sem gildir fyrir öll söfn á svæðinu, miðlun þekkingar og upplýsinga, söfn gætu skipst á sýningargripum eða eitt safn gæti sett upp hluta af sýningu í öðru safni o.s.frv.

3. að Náttúrugripasafnið verði lifandi safn**Leið**

Til að ná því markmiði að Náttúrugripasafnið verði lifandi safn verður að kynna sér hvernig önnur náttúrugripasöfn starfa, setja markmið um náttúrugripasafn sem lifandi safn, athuga með kostnaðarhliðina og hvernig útvega skuli fjármagn.

Rökstuðningur

Þegar rætt er um lifandi safn þá er átt við safn sem tekur breytingum, þ.e. að nýir sýningargripir komi í stað gamalla og einhver skipti verða á munum. Náttúrugripasafnið hefur verið í óformlegu samstarfi við Náttúrufræðistofu Kópavogs og Náttúrugripasafnið í Neskaupstað um slík skipti. Þetta samstarf þar að vera formlegt og á þeim nótum að veita aðstoð og ráðleggingar og þiggja þær líka. Skortur á fjármagni til þessara hluta hefur hamlað þróun samstarfs við önnur söfn. Þá er möguleiki að setja upp fiskabúr með lifandi sjávardýrum. Allt þetta gerir það að verkum að safnið staðnar ekki.

Flest söfn hafa tekið tæknina í þjónustu sína og bjóða gestum upp á gagnvirka sýningar, t.d. aðgang að tölvu þar sem hægt er að fara á heimasíðu safnsins og skoða eða leita upplýsinga um það sem sýnt er á safninu, efni sýnt í sjónvarpi af myndböndum eða diskum. Margt fleira er hægt að gera en verður ekki talið upp hér.

Forsendur

Forsendur þess að hægt sé að ná þessum markmiðum eru:

- 1. að gengið verði frá salernisaðstöðu í Náttúrugripasafni og verður að leggja á það áherslu að slík framkvæmd komist á fjárlög Bolungarvíkurkaupstaðar árið 2005.**

Rökstuðningur

Ekkert salerni er í Náttúrugripasafninu fyrir gesti safnsins og hafa þeir fengið afnot að starfsmannasalernum Náttúrustofunnar. Það er óviðunandi og hafa heilbrigðisyfirvöld gert athugasemd við þetta fyrirkomulag. Það er þó ljóst að slíkt gengur ekki til langframa. Brýnt er að bæta úr þessu vegna þess að þetta háir starfsemi Náttúrugripasafnsins að því leyti að ekki er hægt að efla starfsemi safnsins. Markmiðin hér að framan standa og falla með því að salernum verði komið upp á safninu.

- 2. að gengið verði frá lofti í fyrirlestrasal Náttúrugripasafnsins og að leggja á það áherslu að slík framkvæmd komist á fjárlög Bolungarvíkurkaupstaðar árið 2005.**

Rökstuðningur

Gert er ráð fyrir því að hluti salar Náttúrugripasafnsins sé nýttur sem fyrirlestrarsalur fyrir skóla og almenning. Hingað til hefur ekki verið hægt að nota hann til fyrirlestra vegna þess að eftir er að setja hljóðeinangrun í loftið. Nú bergmálar allt og ekki er hægt að bjóða fólki upp á að hlusta á fyrirlestra við slíkar aðstæður. Brýnt er að úr þessu verði bætt því ekki er hægt að efla fræðslu fyrir skóla og almenning en það er eitt af markmiðum til eflingar starfsemi Náttúrugripasafnsins.

- 3. að búa fyrirlestrarsalinn húsgögnum og nauðsynlegum búnaði til fyrirlestrahalds og kennslu og verður að leggja á það áherslu að slíkt komist á fjárlög Bolungarvíkurkaupstaðar árið 2006.**

Rökstuðningur

Þegar búið er að hljóðeinangra loft fyrirlestrarsalarins er forsenda fyrir því að geta nýtt salinn fyrir hendi. Næsta skref er að búa hann húsgögnum og nauðsynlegum búnaði. Með því er átt við stóla, borð, ræðupúlt, sýningartjald og tússtöflu. Af tækjabúnaði er skjávarpi, myndvarpi, míkrofónn og hátalarakerfi nauðsynlegur búnaður. Með slíkan búnað er auðvelt að vera bæði með fyrirlestra fyrir almenning og kennslu fyrir nemendur í skólum svæðinsins.

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur leggur áherslu á að nýta mannauð og þekkingu þeirra sem starfa á Náttúrustofu Vestfjarða til uppbyggingar Náttúrugripasafnsins auk þeirra sem þekkingu hafa á safnamálum á svæðinu.

Framtíðarsýn

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur stefnir að því að verða leiðandi á sviði safna- og fræðslumála á svæðinu um náttúru og tengdar greinar í samvinnu við Náttúrustofu Vestfjarða.

Ætlunin er að styrkja þá starfsemi sem fyrir er og auka fjölbreytni með fjölgun sýningargripa, koma upp fiskabúri með lifandi sjávardýrum, innleiða gagnvirka tækni á safnið og efla tengsl við skóla og almenning í samvinnu við Náttúrustofu Vestfjarða. Þá er stefnt að því að auka aðsókn að safninu og ná upp betri nýtingu á því.

Núverandi staða

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur var formlega opnað árið 1998. Það er tileinkað Steini Emilssyni jarðfræðingi sem lengi var skólastjóri við Grunnskóla Bolungarvíkur. Steinasafn hans er uppistaðan í steinasýningu safnsins og þar er gott yfirlit yfir íslenskar sein- og bergtegundir. Á safninu er fjöldi fugla og villtra spendýra, s.s blöðruselur, hvítabjörn, selir, minkar auk fugla. Yfir 160 tegundir fugla eru á safninu auk fjölda afbrigða og aldursstiga. Þar eru flestar tegundir íslenskra fugla en auk þess margir flækingar. Fuglasýningin er ein stærsta sinnar tegundar á landinu. Safninu hefur, á undanförunum árum, borist nýir gripir og einnig er verið að stoppa upp dýr til sýningar. Á stærsta vegg safnsins er veggspjaldasýning en þar er ætlunin að skipta um sýningu annað slagið.

Stofnendur og eigendur Náttúrustofu Vestfjarða

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur er stofnað af sveitarfélaginu Bolungarvík sem sér alfarið um rekstur þess. Menningarráð sem í sitja þrír menn fer með stjórn safnsins fyrir hönd sveitarfélagsins og fylgist með starfsemi þess.

Starfsmenn

Forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða er jafnframt forstöðumaður Náttúrugripasafns Bolungarvíkur. Starfsmenn stofunnar sinna jafnframt leiðsögn á safninu en yfir sumartímamann eru ráðnir starfsmenn í hlutastöður í safnvörslu um helgar. Náttúrugripasafnið/Bolungarvíkurkaupstaður greiðir náttúrustofunni ákveðna upphæð árlega fyrir þessi verkefni samkvæmt samningi.

Þjónustan

Náttúrugripasafnið er opið alla virka daga á sumrin, frá 15. júní – 15. ágúst, frá kl. 8.00 – 12.00 og frá kl. 13.00 – 17.00, laugardaga og sunnudaga frá kl. 13.00 – 17.00. Á öðrum tíma ársins er opið eftir samkomulagi.

Markaðssetning

Markaðssetning Náttúrugripasafnsins hefur aðallega farið fram í upplýsinga- og auglýsingabæklingum fyrir ferðamenn. Þar hefur aðallega komið fram opnunartími safnsins. Huga mætti að öflugri markaðssetningu, t.d. með áberandi auglýsingum og að kaupstaðurinn sendi fulltrúa á ferðakynningar til að kynna það sem í boði er í bænum, þar á meðal safnið. Þá þarf að huga að greinabetri merkingu að inngangi safnsins en allt of oft kemur það fyrir að gestir koma inn þar sem náttúrustofan er.

Sérstaða

Sérstaða Náttúrugripasafns Bolungarvíkur felst fyrst og fremst í því að þetta er eina safn sinnar tegundar á Vestfjörðum. Vegna þess ættu möguleikar varðandi markaðssetningu að vera auðveldari.

Ytri aðstæður

Styrkleikar safnsins felast í sýningargripunum sem eru í safninu og því samstarfi sem er í gangi við Náttúrustofu Vestfjarða. Það gefur möguleika á frekari styrkingu safnsins.

Veikleikarnir felast í því að fjármagn skortir til að gera safnið lifandi þannig að hægt sé að bjóða ferðaþjónustuaðilum, almenningi og skólum meiri þjónustu

Ógnanir eru fækkun ferðamanna á svæðinu og að þeir ferðamenn sem til Bolungarvíkur koma, heimsæki ekki safnið. Þá ógnar aðstöðuleysi á safninu sjálfu starfseminni.

Tækifærin felast í samstarfi safnsins og náttúrustofunnar, auk samstarfs við önnur söfn á svæðinu sem hefði það að markmiði að auka aðsókn að safninu.

Hver er þörfin?

Aðsókn að safninu hefur verið nokkuð góð og jöfn síðan það var opnað en er aðallega bundin við sumartímann. Á veturna hafa skólar á svæðinu notað safnið og náttúrustofuna í sambandi við náttúrufræðikennslu en ekki í eins miklum mæli og æskilegt sé og er það aðallega fjárskortur safnsins sem hindrað hefur þróun starfseminnar. Verði farið í markvissa markaðssetningu á möguleikum safnsins og náttúrustofunnar til náttúrufræðikennslu mun áhugi og notkun skóla aukast. Verði farið út í það að bjóða almenningi upp á fyrirlestra og fræðslu á sviði náttúruvísinda og umhverfismála mun það auka skilning manna á náttúrunni, gera þá meðvitaðri um umhverfi sitt og vera auglýsing fyrir svæðið í heild.

Markaðsstærð

Stærð markaðar Náttúrugripasafnsins eru bæði innlendir og erlendir ferðamenn sem koma til Vestfjarða auk skóla á svæðinu. Vinna þarf í að stækka þennan markað.

Markhópar

Sá markhópur sem komið hefur á safnið eru ferðamenn, einkum íslenskt fjölskyldufólk. Leggja þarf áherslu á að ná til allra ferðamanna, einkum ferðamannahópa sem koma í skipulögðum ferðum á vegum ferðaskrifstofa.

Markaðssvæði í forgangsröð

Leggja þarf áherslu á að ná öllum þeim ferðamönnum sem á norðanverða Vestfirði koma inn á safnið.

Kröfur viðskiptavinarins

Þeir gestir sem koma á safnið vilja ganga um og skoða, lesa upplýsingarnar sem eru við hvern sýningargrip og geta spurt safnvörðinn. Upplýsingar við hvern safngrip eru

ekki nógu ítarlegar og að því þarf að vinna. Einnig þarf að innleiða tölvutæknina í safnið enda hafa flest söfn gert það.

Aðrar stofnanir

Ekkert annað náttúrugripasafn er á Vestfjörðum en ýmis söfn og skólar eru á svæðinu sem ákjósanlegt væri að taka upp samstarf við.

Kynning og dreifing

Markviss markaðssetning er nauðsynleg til að auglýsa safnið og vænlegast er að gera það í samstarfi við aðrar stofnanir bæjarins eða með öðrum söfnum á svæðinu. Þá þarf að efla heimasíðu safnsins og gera hana lifandi. Til fyrirmyndar er hvernig heimasíða Galdrasýningarinnar á Ströndum er unnin og er margt hægt að læra af henni.

Ímynd

Ímynd safnsins er jákvæð út á við og þeim gestum sem á safnið koma eru yfirleitt mjög hrifnir af safninu. Til að halda þessari jákvæðu ímynd verður safnið að vera lifandi. Eins og staðan er núna eru fjárveitingar til safnsins í algjöru lágmarki og dugar einungis til að halda úti lágmarks starfsemi. Forgangsraða þarf því sem ætlunin er að gera til eflingar safnsins og útvega fjármagn til að safnið haldi áfram að dafna.